



# Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021 - 2023

# INNGANGUR

*Áfangastaðaáætlun er áætlun um áherslur, uppbyggingu og þróun ferðamála á tilteknu landsvæði og skilgreindu tímabili.*

*Áætlunin er gerð að frumkvæði stjórnvalda, en unnin af stoðþjónustu ferðamála á umræddu svæði, í samstarfi við sveitarfélög, heimafólk og hogaðila á hverjum stað.*

*Markmiðið með áfangastaðaáætlun er að móta sameiginlega sýn og samræmdar áherslur varðandi stýringu, skipulag og stefnu um þróun ferðamála og uppbyggingu innviða á tilgreindu svæði.*

*Í vinnu við áfangastaðaáætlun er lögð áhersla á að ná góðri yfirsýn á stöðu mála á hverju svæði. Til dæmis hvað varðar legu lands og byggðamunstur, sérstöðu og sérkennum þess, menningu, innviðauppbyggingu og þróun ferðamála. Með því er hægt að vinna markvisst að aukinni samvinnu með áherslu á sérstöðu landshlutans og eflingu allra svæða.*

*Auk þess er mörkuð stefna og settar fram þær áherslur og leiðir sem fyrirhugað er að hafa að leiðarljósi við uppbyggingu, framþróun og stýringu á hinum ýmsu ferlum sem hafa áhrif á og ráða þróun og gæðum áfangastaðarins og atvinnugreinarinnar á umræddu svæði.*

*Áætlunin stuðlar þannig að jákvæðum framgangi ferðamála, samræmdri uppbyggingu innviða og virkri vöruþróun, en er einnig góður grunnur aukinni samkennd, samráði og samstarfi.*

*Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2020-2023 byggir á fyrri áfangastaðaáætlun sem gefin var út í upphafi árs 2019. Markvisst hefur verið unnið eftir þeirri stefnumótun, markmiðum og aðgerðaáætlun sem þar var lögð fram, ásamt því að vinna eftir áherslum og stefnumótun stjórnvalda varðandi framvindu ferðamála- og áfangastaðavinnu á Íslandi.*



Fyrsta Áfangastaðaáætlun Vesturlands (ÁSÁ.Vest) kom út í upphafi árs 2019 ([ÁSÁ.Vest. 2018-2020](#)). Áætlunin inniheldur greiningu á sérstöðu svæðisins og þróun ferðamála í landshlutanum ásamt ýtarlegri aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2018 - 2020.

Aðstæður nú eru mjög sérstakar í ferðamálum, á Íslandi og um allan heim vegna heimsfaraldursins COVID-19. Víða er ferðabann og öll ferðalög með miklum takmörkunum. Ekki er mögulegt að meta stöðu ferðarþjónustunnar meðan ferðalög liggja að mestu niðri og af þeim ástæðum var sú ákvörðun tekin að endurtaka ekki greiningarvinnu varðandi ferðamál á Vesturlandi í þessari áfangastaðaáætlun.

Greininngarvinna sem unnin var fyrir ÁSÁ.Vest 2018-2020 stendur enn vel fyrir sínu. Því er hún nýtt áfram sem grunnurinn að þeirri áfangastaðaáætlun sem hér er sett fram til að vinna eftir á Vesturlandi næstu þrjú ár 2021-2023.

Gögn úr stefnumótunar- og þróunarvinnu ferðaleiða, sem unnin hafa verið með heimafólki á öllum svæðum á Vesturlandi síðastliðið ár, eru einnig lögð til grundvallar þeim áherslum og meginmarkmiðum sem sett eru fram í þessari áætlun.

Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021 - 2023 er byggð upp með einfaldari og aðgengilegri hætti en fyrri áætlun, en ætlast er til þess að notendur geti nýtt sér útskýringar og greiningar í [ÁSÁ.Vest. 2018-2020](#) til að dýpka skilning sinn á staðháttum á Vesturlandi og þeim áherslum og meginmarkmiðum sem hér eru sett fram.

Í þessari áfangastaðaáætlun er því gerð grein fyrir svæðismörkum á Vesturlandi sem unnið er með, Áfangastaðastofa kynnt til sögunnar, hugmyndafræði áfangastaðavinnu kynnt, áherslur áfangastaðavinnu á Vesturlandi taldar upp, framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn Vesturland sett fram og meginmarkmið og áherslur þar undir kynntar.

Ekki eru sett fram eiginleg aðgerðaáætlun og tímasett starfsmarkmið til næstu þriggja ára, þar sem reynsla ársins 2020 hefur kennt að það þarf að bregðast við á hverjum tíma og vinna þau verkefni sem þá eru aðkallandi.

Því verður starfsáætlun fyrir hvert ár, sem byggir á meginmarkmiðum og áherslum sem hér eru sett fram, kynnt í upphafi hvers árs 2021-2023 og sett inn í viðauka með áætluninni.

Í viðauka við áætlunina verða einnig sett gögn sem styðja við notkun hennar og vinnu við að efla Vesturland sem eftirsóknarverðan áfangastað til að dvelja og njóta.



# VESTURLAND

Vesturland nær frá Gilsfjarðarbotni í norðri að botni Hvalfjarðar í suðri. Vestasti hluti þess er Snæfellsnes og teygir landshlutinn sig upp á Langjökul í austur.


Á Vesturlandi búa um 16.700 manns í tíu misstórum sveitarfélögum, bæði hvað varðar landstærð og íbúafjölda.

Við verkefnavinnu, ýmislegt samstarf og markaðssetningu á Vesturlandi er landshlutanum oft skipt upp í fjögur svæði sem liggja landfræðilega og byggðalega vel saman.

Þetta er gert bæði til að auðvelda samvinnu og stytta ferðaleiðir varðandi samstarf, en einnig er horft til samlegðaráhrifa, menningar og innviða á hverju svæði.

Skiptingin tekur mið af gömlu sýslumörkunum og legu landsins, en einnig þáttum eins og vinnumarkaði og samsetningu atvinnugreina.

Þess má geta að við stefnumótun og þróunarvinnu á ferðaleið um Akranes og Hvalfjörð hefur Kjósarhreppur sem liggur við sunnanverðan fjörðinn einnig unnið með Vestlendingum og kemur því við sögu í þessari áfangastaðaáætlun.





Gönguferð Handverk Góðgæti Ævintýri Heitar Gestrisni  
Hólahólar Garðalundur Vötn Borg Fuglar Akranes  
Djúpálónessandur Brákarey Saxhóll Gallerí Botnsdalur Líkamsrækt Leikvellir Hvammur Fjölnis  
Norðurljós Myndir Sigling Kaffi Hellnar Útilega Ölkelda Öskubólum Brunnur Lautafeið  
Ljósmyndun Veði Útreiðatúr Svöðufoss Fuglaskoðun Dýralíf Hugarró Kirkjufell Húsafell  
Hrífning Vainrensniþrautir Breið Kútturinn Paradísarlaur Nättúrufegurð Akranesvíti Nättúruskoðun Tröllaganga  
Glanni Sýningar Sólarlag Sólsetur Sjósend Hafnarfjall Sagan Sparkvellir Barnafoss Grábrók  
Borða Leiklist Ár Leiktæki Tækifæri Höfrungur Fívanneyri Bjarnarfoss Sandkastalar Góður Akrafjall Skessuhöfn  
Hvalfjörður Fjörufærð Bátssferð Fjörur Söfn Hugrækt Stjörnubjart Ljóð Sögustund Menning Viðburðir  
Eirdeisjökull Hugleiðsla  
Sögur Fossar Flatey Búðir Langisandur Dölum Langjökull Stapafell Kruðerí Háfratindur Malarrið  
Hestar Snæfellsnes Minningar Dekur Úpplifun Fjöll Geirshólmi  
Að Út Erlsabelgir Hvalaskoðun Helgafell Jöklaferð Skorradalur Matur  
Laugar Borgarfjörður Fjallgöngur Firnindi  
Hreðavatn Skarðsvík Breiðafjörður Einkunnir Dagverðarnes Berserkjahraun

# ÁFANGASTAÐASTOFA VESTURLANDS - ÁSV

Í framhaldi af gerð Áfangastaðaáætlunar Vesturlands 2018-2020 og stefnumótun stjórnvalda um að efla samræmda og markvissa áfangastaðavinnu í hverjum landshluta, hófst undirbúningur að stofnun Áfangastaðastofu Vesturlands.

Hlutverk áfangastaðastofu er að halda utan um gerð áfangastaðaáætlunar svæðisins og fylgja eftir framgangi á þeim markmiðum, áherslum og verkefnum sem þar eru sett fram.

Áfangastaðastofa Vesturlands (ÁSV) byggir á samþættri starfsemi áfangastaða- og markaðssviðs SSV og Markaðsstofu Vesturlands (MSV).

ÁSV starfar eftir áherslum og markmiðum í gildandi Áfangastaðaáætlun Vesturlands á hverjum tíma. ÁSV sinnir því m.a. verkefnum sem snúa að stefnumótun, framgangi og eflingu ferðamála- og innviðauppgögnar. Einnig samstarfi, samráði og ráðgjöf við heimamenn, fyrirtæki, þjónustuaðila, gesti, stoðþjónustu og opinbera aðila innan ferðþjónustu. Auk þess sem unnið er að markaðs- og kynningarmálum í samstarfi við hagaðila undir merkjum Markaðsstofu Vesturlands (MSV).

Kjarnastarfsemi Áfangastaðastofu Vesturlands (ÁSV) skiptist í þrjú meginþætti:

- ∞ Áfangastaðaverkefni snúa að eflingu áfangastaðarins Vesturlands.
- ∞ Þróunarverkefni hafa með eflingu ferðþjónustu og upplifunar á Vesturland að gera.
- ∞ Markaðsverkefni snúast um ímynd, markaðssetningu og kynningu á áfangastaðnum Vesturlandi.

Unnið er að þessum verkefnum í samstarfi við heimafólk og hagaðila á öllum svæðum á Vesturlandi eftir því sem ástæður og aðstæður eru til hverju sinni. Þessi verkefni geta svo ýmist fallið undir fasta starfsemi ÁSV, verið átaksverkefni eða fallið undir ráðgjöf og stoðþjónustu.

Upplifðu Vesturland - Myndband

#### ∞ **Sífelluverkefni**

Verkefni sem falla undir markmið, hlutverk og áherslur í reglulegri starfsemi Áfangastaðastofu Vesturlands og unnið er að eftir því sem ástæður og efni standa til á hverjum tíma.

#### ∞ **Áhersluverkefni**

Átaks- og þróunarverkefni sem lögð er sérstök áhersla á í Áfangastaðaáætlun Vesturlands á hverjum tíma og sett eru fram sem áhersluverkefni í starfsáætlun ÁSV fyrir hvert ár. ÁSV heldur utan um og vinnur að umræddum verkefnum í samvinnu við hagaðila, samráðs- og stýrihópa eins og við á hverju sinni.

#### ∞ **Framkvæmdaverkefni**

Verkefni sem snúa að uppbyggingu innviða. Þessi verkefni eru listuð upp í áfangastaðaáætlun í samráði við sveitarfélögin á Vesturlandi, en eru ekki á forræði Áfangastaðastofu Vesturlands. ÁSV getur komið að þessum verkefnum með samstarfi og ráðgjöf við aðstandendur verkefnanna varðandi undirbúning og stefnumótun, eins og ástæður og aðstæður eru til í hverju verkefni.

Áfangastaðastofa Vesturlands vinnur að sínum verkefnum í nánun samstarfi við sveitarfélög og hagaðila á Vesturlandi. Öll sveitarfélögin hafa tilnefnt áfangastaðafulltrúa í sinni stjórnarsýslu sem er tengiliður milli ÁSV og viðkomandi sveitarfélags, og fulltrúi sveitarfélagsins í áfangastaðavinnu með ÁSV. Einnig er unnið með stýrihópum ferðaleiða á hverju svæði varðandi áherslur og þróunarverkefni ferðamála. Þá er unnið með þema- og klasahópum að sértækum verkefnum. Auk þess er unnið með öðrum aðilum í stjórnarsýslu og stoðþjónustu sem vinna að framþróun ferðamála, bæði á Vesturlandi og á landsvísu.

Einnig er unnið með ferðþjónustuaðilum sem gert hafa samstarfssamning við Markaðsstofu Vesturlands varðandi samstarf og sameiginlega markaðssetningu og kynningu á Vesturlandi.

Eins og sjá má af þessari upptalningu eru bæði fjölbreitt verkefni og margir samstarfsaðilar hjá Áfangastaðastofu Vesturlands, því er mikilvægt að hafa sameiginlega stefnu og áætlun til að vinna eftir - Áfangastaðaáætlun Vesturlands er því mikilvægt verkfæri og leiðarljós í þessu samstarfi.

Upplifðu Vesturland - Myndband



# ÁFANGASTAÐAVINNA

Þegar unnið er að uppbyggingu og framþróun á áfangastað, skiptir miklu máli að mynda og virkja gott tengslanet og vinna í góðu samstarfi stoð- og hagaðila á svæðinu.

Með samráði og samstarfi er hægt að margfalda slagkraftinn í öllu sem gert er með því að nýta bylgyáhrif samtakamáttarinnis til að koma meiru í verk og ná lengra.

*– Eins og þegar fleyttar eru kerlingar eða steini kastað í vatn og bylgyurnar magnast út frá upphafsstaðnum.*

Ef allir leggja sig fram um að vinna vel sína heimavinnu á sínum áfangastað og bæta vinnu sinni og þekkingu í púkkið til að það geti einnig nýst öðrum sem vinna að sama markmiði á sama svæði, þá margfaldast áhrifin útávið með bylgyáhrifum samvinnunnar.

Áfangastaðastofa Vesturlands og Markaðsstofa Vesturlands munu byggja starfsemi sína og verkefni upp með áherslu á samstarf við hagaðila og heimafólk, til að auka slagkraft vinnunnar hjá öllum og fá meiru áorkað öllum til hagsbóta.

Lögð er áhersla á það að ná betra og virkara samtali við heimafólk og hagaðila á Vesturlandi, með markvissu og gagnvirku samstarfsneti á öllum svæðum.





# ÁHERSLUR Í ÁFANGASTAÐAVINNU Á VESTURLANDI

*Kjarninn - Vesturland er auðlindin sem við nýtum öll til að auka ábata og lífsgæði; samfélagið, hogaðilar, gestir og stjórnsýslan.*

## *Auðlindin Vesturland*


*Kjarninn í allri okkar vinnu er landið okkar, náttúra, menning, saga og mannauður. Saman mynda þessir þættir undirstöðu auðlegðar og lífsgæða sem við byggjum á.*

### Samfélag

Við sem hér búum myndum samfélag sem nýtir sér auðlindirnar til að skapa sér lífsgæði og lífsviðurværi.

### Stjórnsýsla;

Stjórnsýslan sér um regluverk og stjórnun sem við viljum að verji og viðhaldi auðlindunum - skapi sátt og jafnvægi varðandi aðgang, nýtingu og verndun og starfsskilyrði sem tryggja sátt og samkeppnishæfni greinarinnar.



### Fyrirtæki

Fyrirtækin sem starfa á Vesturlandi nýta auðlindirnar til að skapa vörur og verðmæti.

### Gestir

Gestir koma á Vesturland til að upplifa og njóta auðlindanna með okkur og þeirrar þjónustu og vara sem í boði eru.

**Til að við getum öll lagst á eitt um að skapa sjálfbært samfélag, þurfum við öll að vera meðvituð um mikilvægi allra í þeirri lífskeðju.**

**Við þurfum öll að sýna ábyrgð í verki, leggja okkar að mörkum og taka virkan þátt til að geta glöð notið gæðana sem fást með samhug.**

# VESTURLAND AUÐLINDIN SEM ALLT BYGGIR Á.

Á Vesturlandi er sjálfbærni höfð að leiðarljósi í nýtingu auðlindanna og áhersla lögð á upplýsta ákvarðanatöku byggða á þekkingu. Gætt er að þolmörkum og mengun, auk þess sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og sérstöðu, en jafnframt passað upp á jafnvægi milli nýtingar og verndar. Vandað er til aðgengis, öryggis og upplýsingagjafar. Áhersla er á gæði og samstarf hagaðila í héraði. Lögð er áhersla á að auka ábata, jákvæða upplifun og lífsgæði með því að dvelja og njóta á Vesturlandi.

## Samfélag; aukin lífsgæði

Aukin lífsgæði byggja á góðum tengslum og virku samstarf milli ferðapjónustu, skapandi greina, framleiðenda og samfélags, sem eykur ábata allra. Jákvætt viðhorf til ferðapjónustunnar skipta máli og áhersla á að ábyrgð og stjórnun sé í höndum heimafólks. Íbúar njóta aukinna lífsgæða sem skapast með auknu framboði á vörum og þjónustu, matarupplifun, menningu og aðgengi að útivist og náttúruupplifun sem hægt er að byggja upp með tilkomu fleiri notenda og aukinnar eftirspurnar á staðnum. Samfélagið leggur sig fram um að nýta þjónustu, vörur og upplifun sem er í boði, auk þess að leggja sitt að mörkum við að auðga jákvæða upplifun og tækifæri gesta til að dvelja og njóta á Vesturlandi.

## Fyrirtæki; aukin arðsemi

Fyrirtækin leggja áherslu á sjálfbærni, gæðapjónustu og góðar vörur. Fyrirtækin starfa af fagmennsku, virðingu og ábyrgð gagnvart viðskiptavinum, starfsfólki, samstarfsaðilum, samfélagi, umhverfi og stjórnvöldum. Stjórnendur og starfsfólk leggja sitt að mörkum í samstarfi og metnað í gæðapjónustu, vörubröun og framboð á einstakri upplifun í takt við eftirspurn og tækifæri á Vesturlandi. Unnið er að öflugri kynningar- og markaðsstarfi til að stuðla að jákvæðri ímynd og sýn á Vesturland sem eftirsóknarverðan áfangastað til að dvelja og njóta.

## Gestir; einstök upplifun

Gestir sýna ábyrga ferðahegðun, heiðarleika, virðingu og aðgát. Leggja sig fram um að kynna sér aðstæður og menningu á því svæði sem þeir ferðast um og fylgja reglum og tilsögn á sínu ferðalagi. Þeir stuðla að sjálfbærni og umhverfisvernd með því að fara hægar yfir, taka tillit til aðstæðna, fylgja leiðbeiningum og hafa sanngjörn viðskipti við heimafólk - leggja sig fram um að dvelja og njóta á Vesturlandi.

## Stjórnsýsla; ábyrg umgjörð

Stjórnsýslan skapar ramma og setur reglur til að tryggja fagmennsku, gæði og samkeppnishæfni ferðamála á Íslandi. Áhersla er á þekkingu, heiðarleika, ábyrgð, vandvirkni, sanngirni og virkt samtal við hagaðila varðandi stefnumótun og ákvarðanatöku. Stjórnsýslan sinnir einnig upplýsingagjöf og kynningu í samstarfi við greinina. Hún ber ábyrgð á og sér um innviðauppbýggingu og stýringu sem stuðlar að öryggi, náttúruvernd og jákvæðri upplifun. Einnig á grunnþjónustu og samgöngum sem taka mið af fjölda fólks, eftirspurn, aðstæðum og ástandi á hverjum tíma. Leggur sitt að mörkum til að byggja upp eftirsóknarverðan áfangastað – til að dvelja og njóta á Vesturlandi.

## Ferðamennska með sjálfbærni að leiðarljósi

Á Vesturlandi er vilji til þess að öll uppbygging sem lýtur að ferðamálum hafi sjálfbærni hugsun að leiðarljósi. Þar er lögð áhersla á þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, þ.e. efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega. Sjálfbær þróun gerir ráð fyrir jafnvægi milli þessarra stoða, og að staðin sé vörður um að engin ein stoð fái meira vægi en önnur, eða vaxi á kostnað hinna. Þessar stoðir verða að standa jafnar til að tryggja sjálfbæra framvindu, því samfélagið lifir innan umhverfisins og innan samfélagsins verður hagkerfið til. Við hverja ákvörðunartöku sem tekin er varðandi þróun ferðamála á Vesturlandi er því lögð áhersla á að tekið sé tillit til samfélagslegra og umhverfislegra hagsmuna ekki síður en efnahagslegra hagsmuna.

Áfangastaðaáætlun Vesturlands er grunnur að ábyrgri ferðamálastefnu þar sem lögð er áhersla á að:

- ∞ taka tillit til þolmarka náttúru, innviða, heimamanna og gesta
- ∞ taka mið af væntingum og upplifun samfélags, fyrirtækja og gesta
- ∞ leggja áherslu á uppbyggingu sem stuðlar að ábyrgri umgengni, jákvæðri upplifun, arðsemi fyrirtækja og ábata samfélagsins
- ∞ stuðla að.....

## Vesturland - til að dvelja og njóta

Á Vesturlandi er lögð áhersla á að fólk komi til að „dvelja og njóta“ (e. Slow travel). Áhersla er á að bjóða upp á ferðalag þar sem ferðast er með ábyrgum hætti, lögð er áhersla á náttúruupplifun, mat úr héraði, menningu og sögu svæðisins, en einnig að gesturinn kaupi vörur og þjónustu af heimafólki.

Einnig er lögð áhersla á gestrisni á svæðinu og að gestir fái tækifæri til að kynna sögunni, menningunni og íbúum svæðisins. Þessi ferðamáti er frábær leið til að tengjast samfélagi svæðisins, kynna sér menninguna og upplifa náttúruna á annan hátt og með nánari hætti. Gefa sér tíma til þess að búa til ógleymanlegar minningar – dvelja og njóta.

MARKMIÐIÐ ER AÐ HÁMARKI ÁNÆGJU ALLRA - með því að:

- ∞ velja gæði umfram magn - dvelja og njóta
- ∞ vinna markvisst að sjálfbærni og samfélagsábyrgð
- ∞ hafa gestrisni, gæði, virðingu og sanngirni að leiðarljósi
- ∞ auka samtal, skilning og sátt milli allra aðila
- ∞ leggja áherslu á upplýsingagjöf og aðlaðandi umgjörð
- ∞ stuðla að öryggi manna og dýra
- ∞ efla verndun náttúru og lífríkis

Upplifðu Vesturland - Myndband





# FRAMTÍÐARSÝN FYRIR ÁFANGASTAÐINN VESTURLAND

*Ferðapjónusta á Vesturlandi hefur sjálfbærni að leiðarljósi. Áhersla er á náttúruvernd og gott samstarf milli hagaðila í héraði.*

*Á Vesturlandi er gott úrval af gæða vörum og þjónustu. Einnig metnaðarfullt framboð af eftirsóknarverðri menningar- og náttúru upplifun, eftir því sem aðstæður og eftirspurn gefa tilefni og tækifæri til.*

*Skapandi greinar, menning, listir og gott mannlíf eru í hávegum höfð á Vesturlandi. Gagnkvæmt samstarf ferðapjónustunnar, lista- og menningarstarfsemi, auk virkrar þátttöku íbúa efla þessa starfsemi, skapa fleiri tækifæri og bæta lífsgæði allra.*

*Samgöngur í landshlutanum eru góðar bæði til sjós og lands allt árið. Áhersla er á að tryggja öryggi, gott viðhald vega og jákvæða upplifun vegfarenda.*

*Grunnþjónusta er góð á Vesturlandi, þar sem tekið er tillit til þess í aðbúnaði og mannafla að hægt sé að þjóna þeim fjölda fólks sem dvelst á svæðinu á hverjum tíma.*

Upplifðu Vesturland - Myndband



# MEGINMARKMIÐ ÁFÁ - VEST 2021 - 2023

„VESTURLAND TIL AÐ DVELJA OG NJÓTA“

Vesturland er eftirsóttur valkostur fyrir íbúa og gesti – til að dvelja og njóta

Áhersla er á ábyrga ferðapjónustu sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu auðlinda og notar hráefni og vöruval úr heimabyggð

Vesturland hefur sterka og jákvæð ímynd og er þekkt fyrir fagra náttúru, áhugaverða sögu, menningu og matarauð



Heildrænt skipulag útivistarsvæða, áfanga- og áningarstaða stuðlar að öryggi íbúa, gesta og náttúru

Vönduð upplýsingagjöf og leiðsögn um samfélag, náttúru, og umhverfi er til staðar, ásamt góðri þjónustu og framboði af upplifun og gæða varningi

Öruggar samgöngur eru til sjós og lands allt árið og grunnþjónusta er góð



## Áfangastaðaverkefni

### Ferðaleiðir á öllum svæðum

- ∞ Akranes-Hvalfjörður
- ∞ Borgarfjörður
- ∞ Snæfellsnes
- ∞ Dalir (Vestfjarðaleiðin)

### Upplýsingamiðlun og merkingar

- ∞ Handbók fyrir hverja ferðaleið – áhersluþættir varðandi upplýsingamiðlun og merkingar
- ∞ Samræmdir verkferlar varðandi skráningu, skipulag og uppsetningu skilta og merkinga
- ∞ Samantekt og skráning á upplýsinga- og söguskiltum á Vesturland

### Útivistarparadísin Vesturland

- ∞ Listi yfir ákjósanlega uppbyggingu innviða á útivistarleiðum og áningarstöðum á Vesturlandi
- ∞ Samantekt og skráning á aðgengilegum útivistarleiðum og útivistarstígum á Vesturlandi
- ∞ Markviss miðlun á upplýsingum um aðgengilega útivistarstíga – og leiðir á Vesturlandi
- ∞ Merking, stikun og GPS-mörkun á völdum útivistarleiðum á Vesturlandi

### A, B, C, D – greining á áningastöðum og útivistarleiðum á Vesturlandi

- ∞ Úrvinnsla úr skráningu á aðgengilegum áningarstöðum, útivistarleiðum og stígum
- ∞ Útekt, þarfagreining og kröfugerð vegna aðgengis og merkinga á völdum áningarstöðum og útivistarleiðum
- ∞ Rafræn úttekt á völdum áningarstöðum og útivistarleiðum

### Fjörur, vötn og fuglar – aðgengi og upplifun

- ∞ Samantekt og skráning á aðgengi að fjörum, vötnum og ám
- ∞ Samantekt og skráning á stöðum með mögulegum veiðileyfum
- ∞ Samantekt og skráning á vænlegum fuglaskoðunarstöðum
- ∞ Skráning á aðgengi og aðstöðu til fuglaskoðunar
- ∞ Markviss miðlun á mögulegum ferðalögum um fjörur, vötn og ár, með áherslu á fuglaskoðun



## Þróunarverkefni

### Saman í blíðu og stríðu - samstarf stoð- og hagaðila ferðamála

- ∞ Hagaðilar ferðamála og samstarfsaðilar MSV – formgera samráð og samstarf
- ∞ Áfangastaða-, ferðamála-, upplýsinga- og markaðsfulltrúar sveitarfélaga – formgera samráð og samstarf
- ∞ Stýrihópar, þemahópar og klasar – formgera samráð og samstarf
- ∞ Stoðþjónusta og stofnanir sem styðja við ferðamál – formgera samráð og samstarf

### Krakkar ráða för – fjölskylduvænt ferðalag

- ∞ Samantekt og skráning á fjölskylduvænum áningarstöðum og útivistarleiðum
- ∞ Ferðapakkar og markviss miðlun á möguleikum á fjölskylduvænu ferðalagi
- ∞ Fjölskylduvænar þemaferð(ir) um Vesturland – upplifun og þjónusta – vöruþróun s.s. Saga og Jökull

### Viðburðir á Vesturlandi – gaman saman

- ∞ Viðburðadagskrá – viðburðir allt árið á Vesturlandi – stuðningsverkefni
- ∞ Krydd í tilveruna – eins skiptis viðburðir s.s. tónleikar
- ∞ Listin að lifa – viðburðir sem taka yfir lengra tímabil s.s. listasýningar
- ∞ Fastir liðir eins og venjulega – reglulegir/ árlegir viðburðir
- ∞ Aðkoma að þróunarvinnu og ráðgjöf vegna viðburða, markaðssetningar og kynningar
- ∞ Viðburðadagatal og markviss kynning og miðlun á viðburðadagskrá Vesturlands

### Matarauður Vesturlands

- ∞ Beint frá bát og býli – matvinnsla frá A-Ö – námskeið og vöruþróun
- ∞ Samantekt og skráning á matarframboði – árstíðabundið matardagatal Vesturlands
- ∞ Veisla á Vesturlandi – kynning á mat, matvinnslu og veitingaþjónustu
- ∞ Matarhátíð á Vesturlandi – uppskeruhátíð að hausti

### Sagnaseiður Vesturlands

- ∞ Átthagánámskeið – svæðisþekking og sagnamennska
- ∞ Sagnaseiður á öllum svæðum – samstarf sagnaþula og sögufygja - vöruþróun
- ∞ Menningar- og sögutengd ferðaþjónusta – vöruþróun



## Þróunarverkefni

### Vesturland í bókmenntum

- ∞ Samantekt og skráning á skáldsögum með sögusvið á Vesturlandi
- ∞ Samantekt og skráning á sögusviði Íslendingasagna á Vesturlandi
- ∞ Samantekt og skráning á þjóðsögum á Vesturlandi
- ∞ Samantekt og skráning um ljóð og texta með tilvitnun í Vesturland
- ∞ Samantekt og skráning á vestlenskum skáldum og rithöfundum

### Vesturland á „hvíta tjaldinu“

- ∞ Samantekt og skráning á kvikmyndum og kvikmyndatökustöðum á Vesturlandi
- ∞ Samantekt á vænlegum stöðum og þjónustu fyrir kvikmynda- og myndatökur
- ∞ Þróunarvinna við gerð þjónustupakka fyrir kvikmyndagerðafólk og ljósmyndara
- ∞ Kynningarpakki fyrir áhugasamt kvikmyndagerðarfólk og ljósmyndara

### Viskubrunnur á Vesturlandi – lærir svo lengi sem lifir

- ∞ Samantekt og skráning á möguleikum til námskeiða- og ráðstefnuhalds á Vesturlandi
- ∞ Samantekt og skráning á vænlegri upplifun og þjónustu tengdri símenntun og ráðstefnuhalds
- ∞ Þróunarvinna á gerð þjónustupakka fyrir námskeið og ráðstefnur





## Markaðsverkefni

### Markaðsvinna og upplýsingagjöf

- ∞ Markhópagreining fyrir Vesturland
- ∞ Markaðsáætlun fyrir MSV
- ∞ Borðkort og ferðaleiðakort
- ∞ Skipulag kynningaferða á Vesturlandi fyrir blaðamenn og áhrifavalda
- ∞ Upplýsingapakki fyrir þá sem sinna upplýsingagjöf á Vesturlandi

### Markaðsefni og áherslur

- ∞ Vesturland – til að dvelja og njóta
- ∞ Útivistarparadísin Vesturland
- ∞ Sagnaseiður – sögumálið Vesturland
- ∞ Matur og menning á Vesturlandi

### Upplifðu Vesturland – markaðsefni og kynning

- ∞ Upplifðu.is – kynningar á áhugaverðum stöðum
- ∞ Upplifðu.is – kynningar á ferðaleiðum
- ∞ Upplifðu.is – kynningar á áfangastöðum/ þéttbýli
- ∞ Upplifðu.is – myndabanki og markaðsefni

### Vesturland á Veraldarvefnum – markaðssetning á netmiðlum

- ∞ [www.vesturland.is](http://www.vesturland.is) / [www.westiceland.is](http://www.westiceland.is) – kynningarsíða Vesturlands + samstarf landshluta / MAS
- ∞ Vefgátt Íslands – markaðs- og kynningarsíða - samstarf Íslandsstofu- Ferðamálastofu + MAS
- ∞ Samfélagsmiðlar MSV – kynning og markaðssetning á Vesturlandi og sérstöðu svæða
- ∞ Vefur / heimasíða og samfélagsmiðlar SSV (ÁSV) – kynning á starfsemi og samstarf við samstarfs- og hagaðila

### Vesturland á markaðssýningum

- ∞ Mannamót
- ∞ VestNorden
- ∞ Þrar sýningar og vinnustofur í samstarfi við Íslandsstofu / MAS

### Samstarf um markaðssetningu og kynningu

- ∞ Samstarfsaðilar MSV + stýrihópar, klasar, þemahópar og félög ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi
- ∞ Sveitarfélög á Vesturlandi
- ∞ MAS; markaðsstofur annarra landshluta
- ∞ Íslandsstofa, Ferðamálastofa og aðrar stöðstofnanir markaðsmála

# ÁSÁ-FRAMKVÆMDAVERKEFNI 2021-2023

Framkvæmdaverkefni, þ.e. uppbygging innviða, stefnumótun, skipulag, hönnun og framkvæmdir eru á hendi sveitarfélaganna og landeigenda í samstarfi við hagaðila eins og ástæður eru til í hverju verkefni á hverjum tíma.

Áfangastaðastofa Vesturlands er ekki í forsvari fyrir nein framkvæmdaverkefni, en getur komið að ýmiskonar vinnu og ráðgjöf varðandi stefnumótun, þarfagreiningu, útektir, þróunarvinnu ofl. með þeim aðilum sem vinna að uppbyggingu innviða.

Áfangastaðastofa Vesturlands leggur sig einnig fram um að vera sameiginlegur vettvangur fyrir aðstandendur skipulags og framkvæmdaverkefna, til að bera saman bækur sínar um stefnumótun og skipulag, eða samræma verklag og vinnu við uppbyggingu innviða á Vesturlandi.

Sveitarfélög á Vesturlandi hafa listað upp helstu staði og svæði sem þau vilja vinna að stefnumótun, þarfagreiningu, hönnun, þróun og framkvæmdum á áningarstöðum og útivistarleiðum á næstu þremur árum – 2021-2023.

Áfangastaðastofa Vesturlands mun liðsinna aðstandendum þeirra innviðaverkefna sem ráðist verður í, eins og kallað verður eftir og hægt verður að bregðast við miðað við efni og aðstæður hverju sinni.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull sinnir auk þess innviðaupbyggingu og landvörslu innan þjóðgarðs og á völdum friðlöndum á Vesturlandi sem eru í umsjá UST. Þau svæði og staðir eru ekki taldir upp hér, enda fer uppbygging þeirra fram með fjárstuðningi frá Landsáætlun um uppbyggingu innviða.

Á næstu síðum fara listar frá sveitarfélögunum á Vesturlandi varðandi áherslur þeirra í uppbyggingu innviða er lúta að ferðamálum árið 2021–2023.



## Dalabyggð



Staður	Tilgangur	Verkefni
<b>Klofningur</b>	Áningarstaður, útivistarleið, útsýni	Aðkoma, aðgengi og upplýsingagjöf
<b>Búðardalur</b>	Útivistarstígar/áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
<b>Laugar í Sælingsdal</b>	Útivistarleiðir	Stikun leiða, merkingar og upplýsingar
<b>Guðrúnarlaug í Sælingsdal</b>	Áningarstaður, náttúrulaug	Stefnumótun, aðkoma, aðstaða, upplýsingar og merkingar
<b>Dalahyttur</b>	Útivistarleiðir og náttúrulaugar	Stefnumótun, hönnun og uppbygging
<b>Skrauma</b>	Áningarstaður, útsýni, útivistarleið	Stefnumótun
<b>Vínlandssetur</b>	Áningarstaður, upplifun, menning- og saga	Áframhaldandi uppbygging aðgengis og umhverfis
<b>Staðarhóll í Dölum</b>	Áningarstaður, útivistarleið	Áframhaldandi uppbygging
<b>Merkjahryggur á Bröttubrekku</b>	Áningarstaður, útsýnisstaður	Stefnumótun, skipulag, hönnun og uppbygging
<b>Seljaland</b>	Útivistarleið	Stikun leiða, merkingar og upplýsingar
<b>Eiríksstaðir</b>	Áningarstaður	Áframhaldandi uppbygging
<b>Straumur</b>	Áningarstaður	Stefnumótun
<b>Kolsstaðir</b>	Uppbygging ferðamannastaðar	Stefnumótun, hönnun og uppbygging
<b>Hafratindur</b>	Útivistarleið	Stefnumótun, stikun leiða, merkingar og upplýsingar

## Helgafellssveit



Staður	Tilgangur	Verkefni
Kerlingaskarð	Útivistarleið	Stefnumótun, skipulag, merkingar og upplýsingagjöf
Áningastaður í Berserkjahrauni	Ferðamannavegur, útivistarleið, áningarstaðir	Aðkoma, aðstaða, merkingar, minjavernd og framkvæmdir
Helgafell	Áningarstaður, útivistarleið, útsýni, saga og minjar	Stefnumótun
Drápuhlíðarfjall	Útivistarleið	Stefnumótun
Álftafjörður	Áningarstaður, útivistarsvæði	Stefnumótun



## Stykkishólmsbær



Staður	Tilgangur	Verkefni
Súgandisey	Áningarstaður, útvistarleið, útsýni	Deiliskipulag, þróunarvinna, hönnun
Stykkishólmskirkja og Borgin	Áningarstaður og útvistarstígur	Upplýsingar, merkingar, tengja við aðra útvistarstíga
Hjallatangi - Búðanes	Útvistarleið	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Stykkishólmur	Útvistarstígur / áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Hólmgarður	Almenningsgarður og áningarstaður	Endurbætur á aðstöðu, merkingar og upplýsingar
Nýrækt - Skógræktin	Áningarstaður og útvistarstígur	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Ytri Höfði - Lágholt - Reitarvegur	Útvistarstígur	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Grensás	Útvistarstígur	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Bókhlöðustígur	Útsýnisstaður, áningarstaður og útvistarstígur	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir

## Grundarfjörður



Staður	Tilgangur	Verkefni
Kolgrafarfjarðarbrú	Áningarstaður, útivistarleið	Hönnun, framkvæmdir v. bílastæði og útivistarleiðir
Grundarfoss	Áningarstaður, útivistarleið	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Kirkjufell - nærumhverfi	Útivistarsvæði	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Krikjufellsfoss	Áningarstaður, útivistaleið - tenging v. þéttbýli	Stefnumótun, skipulag, hönnun og framkvæmdir
Arnardalsskarð/Bláfeldarskarð	Útivistarleið	Stefnumótun, stikun, merkingar og upplýsingar
Kolgrafarfjörður áning v. Eiði	Áningarstaður, útsýni, upplýsingar (Vegagrðin)	Endurbætur, upplýsingar, merkingar
Hamrahæð - áning	Áningarstaður, útsýni, upplýsingar (Vegagerðin)	Stefnumótun, hönnun og framkvæmdir
Grundarfjörður - þéttbýli	Útivistarstígar / áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Stöðin	Útivistarleið	Stefnumótun, stikun, merkingar og upplýsingar



Staður	Tilgangur	Verkefni
Hellissandur og Rif	Útivistarstígar / áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Fróðárheiði (Axlartagl-stuðlaberg)	Áningarstaður, myndastopp (Vegagerðin)	Stefnumótun, skipulag, framkvæmdir
Búlandshöfði - áning VG	Áningarstaður, útsýni, upplýsingar (Vegagerðin)	Endurbætur á merkingum, aðkomu og upplýsingagjöf
Skipið við Keflavíkurbjarg	Áningarstaður, listaverk, útsýni	Framkvæmdir- aðkoma, aðstaða, merkingar, upplýsing
Fjaran fyrir neðan Bug og Fróðá	Áningarstaður, útivistarsvæð	Stefnumótun
Ingjaldshóll	Áningarstaður, kirkja, minnismarki, útsýni, saga	Stefnumótun, merkingar og skilti
Fróðárheiði (Sæluhús)	Áningarstaður og köld upplýsingamiðlun	Stefnumótun
Enni og Breið	Útivistarsvæði, leiðir og áningarstaðir	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Skógræktin og gamla réttin í Ólafsvík	Útivistarsvæði, upplifun, saga, minjar	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Fróðárheiði	Áningarstaður m. útsýni suður (Vegagerðin)	Merkingar, aðkoma, upplýsingagjöf
Svöðufoss	Áningarstaður, útivistarleið, útsýni	Framkvæmdir- útivistarleið, útsýnispallur, upplýsingar
Fróðárheiði	Áningarstaður m. útsýni norður (Vegagerðin)	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Fróðárheiði (Valavatn/ Kambsfoss)	Áningarstaður, útivistarleið	Stefnumótun
Ólafsvík	Útivistarstígar / áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag og framkvæmd

## Snæfellsbær



Staður	Tilgangur	Verkefni
Kambsskarð/Björnshlaup	Útivistarleið, saga	Aðkoma, merkingar, upplýsingagjöf
Björnssteinn í Rifi	Áningarstaður, upplýsingar, saga	Stefnumótun
Hellnar	Umferðastýring, bílastæði, útivistarstígar	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Arnarstapi	Umferðastýring, bílastæði, útivistarstígar	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Miðgata um Hellnahraun	Útivistarleið	Stefnumótun
Fjaran í Staðarsveit	Áningarstaðir, útivistarsvæði	Stefnumótun
Vötnin í Staðarsveit	Áningarstaðir, fuglaskoðun, myndastopp	Stefnumótun
Búðir friðland / Búðakirkja	Aðkoma, bílastæði, áningarstaður, kirkja, útivistarleiðir	Stefnumótun, samræmt skipulag, framkvæmd
Lýsulaugar – heitt ölkelduvatn	Áningarstaður, náttúruleg, köld upplýsingastöð	Stefnumótun, aðkoma, merkingar, upplýsingar
Rauðfeldargjá	Áningarstaður, útivistarleið	Stefnumótun
Ölkelda	Áningarstaður, ölkelduvatn, saga	Stefnumótun
Bláfeldarskarð/ Arnardalsskarð	Útivistarleið	Stefnumótun, stikun, merkingar og upplýsingar
Ytri Tunga - selafjara	Áningarstaður, útivistarleið	Stefnumótun
Axlarhólar	Áningarstaður, útskot, útsýni (Vegagerðin)	Stefnumótun, merkingar, skilti og upplýsingagjöf
Bjarnarfoss	Áningarstaður, útivistarleið	Merkingar, skilti og upplýsingagjöf
Laugarbrekka-forna	Áningarstaður, útivistarleið, saga	Stefnumótun

## Eyja- og Miklaholtshreppur




Staður	Tilgangur	Verkefni
Gerðurberg	Áningarstaður, útvistarleið	Stefnumótun
Breiðablik – Svæðisgarðurinn Snæfellsnes	Gestastofa, áningarstaður, upplýsingagjöf, WC	Aðkoma, merkingar, upplýsingagjöf, aðstaða
Rauðamelskirkja	Áningarstaður, kirkja, saga, menning	Stefnumótun
Kerlingaskarð	Útvistarleið	Stefnumótun
Rauðamelsölkelda	Áningarstaður og útvistarleið	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Vatnaleið	Áningarstaðir og útvistarleiðir	Stefnumótun
Margrétarlundur - skógrækt	Áningarstaður og útvistarsvæði	Stefnumótun
Hofstaðaskógur – opinn skógur	Áningarstaður,útvistaleiðir	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Langholtsrétt	Áningarstaður, saga, menning	Stefnumótun
Holtið við Þverárafleggjarann	Áningarstaður, WC (Vegagerðin)	Stefnumótun

## Borgarbyggð



Staður	Tilgangur	Verkefni
Borgarnes	Útivistarstígar /áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Gestastofa-friðland fulga í Andakíl	Áningarstaður og útivistarleiðir	Áframhaldandi þróun og uppbygging
Hvanneyri	Útivistarstígar /áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Einkunnir	Fólkvangur, áningarstaður og útivistarsvæði	Áframhaldandi uppbygging
Reykholt	Útivistarstígar /áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Krosslaug	Náttúruleg	Stefnumótun
Hvítárbrú	Áningarstaður, menning, saga, köld upplýsingastöð	Stefnumótun
Deildartunguhver	Áningarstaður, köld upplýsingastöð	Stefnumótun, aðstaða, merkingar, upplýsingar
Paradísarlaut	Áningarstaður, útivistarleið	Stefnumótun, hönnun og uppbygging.
Ruddinn	Útsýnisstopp og myndatökustaður (Vegagerðin)	Stefnumótun
Laufásbrekka og Langá	Útsýnisstopp og myndatökustaður (Vegagerðin)	Stefnumótun
Jafnaskarðsskógur – opinn skógur	Áningarstaður og útivistarsvæði	Merkingar, upplýsingar



Borgarbyggð 		
Staður	Tilgangur	Verkefni
Hafnarfjall	Útivistarsvæði, útivistarleiðir	Stefnumótun, skipulag, framkvæmdir, merkingar
Grjóteyrarhæð	Áningarstaður, útivistarsvæði	Stefnumótun
Landbrotalaug	Náttúruleg	Stefnumótun
Lundareykjadalur-Pétursvirki-laugar	Útivistarleið og áningarstaður	Stefnumótun
Vatnaleiðin; Hreðavatn - Hlíðarvatn	Útivistarleið, áningarstaðir	Stefnumótun, skipulag, merkingar og upplýsingagjöf
Pílagrímsganga; Bær-Skálholt	Útivistarleið, áningarstaðir, menning, saga	Áframhaldandi uppbygging, merkingar, upplýsingagar

Skorradalshreppur 		
Staður	Tilgangur	Verkefni
Slesskógur – opinn skógur	Áningarstaður, útivistarleiðir	Merkingar, upplýsingar, aðkoma
Hreppslaug	Áningarstaður	Stefnumótun, aðkoma, upplýsingagjöf og merkingar
Vatnshornsskógur	Áningarstaður, útivistarleiðir	Merkingar, upplýsingar, aðkoma
Síldarmannagötur	Útivistarsvæði, útivistarleiðir	Stefnumótun, skipulag, framkvæmdir, merkingar
Pílagrímsganga; Bær-Skálholt	Útivistarleið, áningarstaðir, menning, saga	Áframhaldandi uppbygging, merkingar, upplýsingagar
Skorradalsvatn	Áningarstaður og útivistarsvæði	Stefnumótun, aðgengi, upplýsingagjöf og merkingar

## Akraneskaupstaður




Staður	Tilgangur	Verkefni
Langisandur	Útivistarsvæði	Hönnun, áframhaldandi uppbygging, aðstaða og upplýsingagjöf
Garðalundur	Áningarstaður og útivistarsvæði	Betrumbætur og uppbygging
Akranes	Útivistarstígar / áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag, framkvæmd
Akranesviti	Áningarstaður	Áframhaldandi uppbygging og upplýsingagjöf
Breiðin	Útivistarsvæði	Áframhaldandi uppbygging og upplýsingagjöf
Höfrungur	Áningarstaður, myndastaður	Stefnumótun og uppbygging
Elínarhöfði	Áningarstaður, útivistastígar, útivistarsvæði	Áframhaldandi uppbygging og upplýsingagjöf
Guðlaug	Náttúruleg	Áframhaldandi uppbygging og upplýsingagjöf
Baskaganga	Útivistarleið, saga, menning	Áframhaldandi uppbygging og upplýsingagjöf
Kalmannsvík	Útivistarsvæði	Áframhaldandi uppbygging

## Hvalfjarðarsveit



Staður	Tilgangur	Verkefni
Glymur	Útivistarsvæði, útivistarleið	Áframhaldandi uppbygging, aðkoma og upplýsingar
Akrafjall	Útivistarsvæði, útivistarleiðir	Stefnumótun, skipulag, framkvæmdir, merkingar
Grunnifjörður	Friðland fugla – Rammsar svæði	Stefnumótun
Álfhólsskógur – opinn skógur	Útivistarsvæði, útivistarleiðir	Áframhaldandi uppbygging og upplýsingagjöf.
Botnsdalur	Útivistarsvæði, útivistarleiðir	Stefnumótun, skipulag, framkvæmdir, merkingar
Þyrill	Útivistarsvæði, útivistarleiðir	Stefnumótun, skipulag, framkvæmdir, merkingar
Hallgrímskirkja	Áningarstaður, kirkja, saga, menning	Stefnumótun, uppbygging og upplýsingagjöf.
Áningarstaður v. Hvalfjarðargöng	Áningarstaður, köld upplýsingastöð (Vegagerðin)	Stefnumótun, hönnun og uppbygging.
Litli Sandur v. Hvalstöðina	Áningarstaður og köld upplýsingastöð	Stefnumótun, hönnun og uppbygging.
Paradísarfoss	Áningarstaður, útivistarleið	Stefnumótun
Hafnarfjall	Útivistarsvæði, útivistarleiðir	Stefnumótun, skipulag, framkvæmdir, merkingar
Melahverfi-Grundartangi	Útivistarleið	Stefnumótun, skipulag, framkvæmdir, merkingar
Bláskeggsá	Áningarstaður, útivistarleiðir	Stefnumótun
Síldarmannagötur	Útivistarsvæði, útivistarleiðir	Stefnumótun, skipulag, framkvæmdir, merkingar
Pílagrímshöfði, Bær-Skálholt	Útivistarleið, áningarstaðir, menning, saga	Áframhaldandi uppbygging, merkingar, upplýsingagar

Hvalfjarðarsveit 		
Staður	Tilgangur	Verkefni
Hlaðir	Áningarstaður, menning, saga, köld upplýsingastöð	Stefnumótun og áframhaldandi uppbygging

Kjósarhreppur 		
Staður	Tilgangur	Verkefni
Fossá	Áningarstaður, saga, köld upplýsingastöð	Áframhaldandi uppbygging
Meðalfellsvatn	Áningarstaður, aðkoma, útivistarleiðir, upplýsingar	Stefnumótun
Þórufoss	Áningarstaður, útivistarleiðir, köld upplýsingastöð	Stefnumótun, hönnun og framkvæmdir
Skógrækt við Fossá – opinn skógur	Áningarstaður, útivistarsvæði, útivistarleiðir	Áframhaldandi uppbygging, merkingar, upplýsingar
Laxá – við brúna	Áningarstaður, útskot, myndastopp (Vegagerðin)	Stefnumótun
Staupasteinn	Áningarstaður, útsýni, köld upplýsingagjöf	Endurbætur, aðkoma, merkingar, upplýsingar

